

1. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2023

Haldinn mánudaginn 13. nóvember 2023, kl. 17 í Safnahúsinu, Ísafirði

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Gísli Jón Hjaltason, Heiðrún Tryggvadóttir, Hlynur Reynisson, Marzellius Sveinbjörnsson og Þóra Marý Arnórsdóttir.

1. Stjórn skiptir með sér verkum. Aðalfundur var haldinn 24. apríl sl. og þá komu inn tveir nýir stjórnarmenn; Þóra Marý Arnórsdóttir og Heiðrún Tryggvadóttir komu inn sem aðalmenn í stað Hjalta Karlssonar og Jónu Lind Kristjánsdóttur. Marsellius Sveinbjörnsson og Sigurður A. Jónsson komu inn sem varamenn í stað Heiðrúnar Tryggvadóttur og Jónasar Gunnlaugssonar. Bauð formaður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Guðfinna Hreiðarsdóttir er kosinn formaður áfram og kom hún með tillögu um að Guðni Guðnason verði gjaldkeri, Heba Dís Þrastardóttir varaformaður og Hlynur Reynisson ritari. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Lyftingadeild.

Stofnuð hefur verið lyftingadeild innan íþróttafélagsins Vestra. Undanfarin ár hefur verið vaxandi áhugi á Ólympískum lyftingum á starfssvæði Vestra og talsverður hópur sem stundar þá íþrótt reglulega. Um nokkurt skeið hefur verið rætt um að stofna lyftingadeild sem yrði aðili að Lyftingasambandi Íslands og hefði rétt til þátttöku í Íslandsmótum og öðrum viðurkenndum mótum innanlands og utan. Það hefur nú verið gert og ánægjulegt að greina frá því að á Haustmóti Lyftingasambands Íslands sem fer fram núna um helgina á Akranesi er keppandi frá Vestra í fyrsta sinn á meðal þátttakenda, Guðrún Helga Sigurðardóttir.

Guðrún Helga hefur æft Ólympískar lyftingar frá hausti 2021. Hún stundar fjarþjálfun og fær æfingar vikulega frá Sigurði Darra Rafnssyni þjálfara. Hún keppti á sínu fyrsta móti haustið 2022 og setti Íslandsmet í jafnhendingu í sínum aldurs- og þyngdarflokki á Íslandsmeistaramóti unglunga í maí 2023. Guðrún er í landsliðshópi í Ólympískum lyftingum og tók þátt í Norðurlandamóti ungmenna í Rovaniemi í Finnlandi fyrir skemmstu.

3. Breytingar á stjórnskipulagi og starfsemi HSV. Fyrir liggja drög að nýjum samstarfssamningi á milli HSV og Ísafjarðarbæjar en núgildandi samningur rennur út í lok árs. Samningsdrög fela í sér umtalsverðar breytingar á starfsemi HSV þar sem gert er ráð fyrir að þau verkefni sem verið hafa á könnu HSV flytjist yfir til Ísafjarðarbæjar, m.a. íþróttaskólinn, ásamt tilheyrandi fjármagni. Eftir standa ýmsir styrkir, s.s. þjálfarasjóður, afreksmannasjóður, rekstrarstyrkir, verkefnastyrkir og slíkt. Þessar breytingar hafa í för með sér að HSV verður hvorki með starfsmann né skrifstofu. Mun stjórn HSV sinna hefðbundnum verkefnum sambandsins og öðrum þeim er til falla. Gjaldkeri mun sjá um samskipti við ÍSí vegna lottótækna og skiptingu þeirra á milli íþróttafélaga innan svæðisins. Stöðugildi starfsmanns HSV verður lagt niður en í staðinn verður til stöðugildi íþrótt- og tómstundafulltrúa hjá Ísafjarðarbæ sem m.a. er ætlað sjá um þau verkefni sem áður voru hjá HSV. Skv. samningsdrögum á þessi starfsmaður að vera stjórn HSV innan handar um ýmis mál, m.a. hvað varðar útreikning á lottótækjum. Búið er að kynna samningsdrögin fyrir formönnum félaga og heilt yfir virðast menn sammála um að umræddar breytingar séu skynsamlegar í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á starfsumhverfi HSV hin síðari ár. Auk þess eru bundnar vonir við að nýr samstarfssamningur einfaldi aðgengi íþróttafélaganna að stjórnsýslu sveitarfélagsins sem hingað til hefur þótt seinvirkt ferli þar sem öll erindi hafa fyrst þurft að fara í gegnum HSV til Ísafjarðarbæjar.

4. Stofnun starfssvæða íþróttahéraða um allt land. Á sambandsþingi UMFÍ fyrr í haust var samþykkt tillaga sem felur í sér stofnun starfssvæða íþróttahéraða víða um land í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) og stjórnvöld. Samkvæmt tillögunni verður komið á fót átta starfssvæðum með sextán stöðugildum sem munu þjónusta íþróttahéruð landsins með samræmdum

hætti. Vinnuhópar UMFÍ og ÍSÍ sem unnu að tillögunni horfa til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðastöðva um allt land bæti skilvirkni íþróttahreyfingarinnar. Ríkið mun leggja til fjármagn sem tryggir einn starfsmann á hvert starfssvæði sem tillagan kveður á um. Markmið tillögunnar er meðal annars að taka við verkefnum stjórnvalda, léttu álagi og ábyrgð af sjálfbærðum, fá aukið fjármagn inn í íþróttahreyfinguna, auka samstarf og samstarfsmöguleika.

5. „Allir með – farsælt samfélag fyrir alla - brúum bilið“. Formaður greindi frá því að hún hefði setið kynningu Valdimars Gunnarssonar verkefnastjóra á þessu samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar ÍSÍ, UMFÍ og ÍF. Félags- og vinnumálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og mennta og barnamálaráðuneytið styrkja verkefnið sem miðar að því að efla sérstaklega íþróttaástandun fatlaðra barna og ungmenna. Stuðningur ráðuneytanna er liður í að ná markmiðum 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland fullgilti 2016 og í núverandi stjórnarsáttmála er kveðið á um lögfestingu samningsins þar sem m.a. er að finna skýr ákvæði um viðeigandi aðlögun allra í íslensku samfélagi. Íþróttahreyfingin hefur tekið að sér framkvæmd verkefnisins sem verður unnið á tímabilinu 2023 – 2025.

Markmið verkefnisins:

- Að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna
- Að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nær umhverfi í samræmi við óskir sínar og þarfir – með viðeigandi aðlögun.
- Að allir skulu eiga kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagskap.

Formaður greindi frá því að Þórir Guðmundsson, formaður barna- og unglingaráðs körfuknattleiksdeildar Vestra, og Jenný Hólmsteinsdóttir hjá íþróttafélaginu Ívari hefðu strax á kynningunni lýst yfir áhuga á að taka þátt í verkefninu og koma á körfuboltaæfingum fyrir fatlaða. Skv. upplýsingum frá Valdimar þá eru um 50 einstaklingar á svæðinu sem gætu komið til greina sem markhópur fyrir þessar æfingar.

5. Endurskoðun reglna um val á Íþróttamanni Ísafjarðarbæjar.

Nýjar reglur um val á Íþróttamanni ársins í Ísafjarðarbæ voru samþykktar í bæjarstjórn þann 19. október 2023. Nú mega íþróttafélög í Ísafjarðarbæ tilnefna eina íþróttamanneskju fyrir hvern kynjaflokk úr þeirri íþróttagrein sem er stunduð hjá þeim. Þeir aðilar verða hafa náð 18 ára aldri. Jafnframt fá íþróttfélögin að tilnefna íþróttafólk til efnilegasta íþróttamanns ársins, einn úr hverjum kynjaflokki í hverri íþróttagrein. Tilnefnt íþróttafólk skal vera undir 18 ára aldri á keppnisárinu. Það sem er einnig nýtt í þessum reglum er að bæjarbúum gefst nú líka kostur á að tilnefna íþróttafólk sem keppir fyrir hönd íþróttafélaga í Ísafjarðarbæ. Sú kosning mun fara fram í gegnum heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Tilnefningum frá íþróttafélögum skal skilað í seinasta lagi þann 1. desember 2023 til HSV.

Eru þessar nýju reglur nokkuð á skjön við álitserð sem aðalstjórn Vestra sendi frá sér þegar kallað var eftir áliti íþróttafélaganna þegar fram fór endurskoðun á reglum um val á Íþróttamanni Ísafjarðarbæjar. Í greinargerð frá Vestra kom m.a. fram að það að breyta reglum til að laga kynjahalla hafi engin áhrif, mikilvægara væri að fylgja eftir þeim stefnum sveitarfélagsins (jafnréttisstefna, íþróttastefna) sem kveða á um jöfn tækifæri kynjanna.

6. Gervigrasvöllur. Búið er að leggja út gervigrasið á æfingavöllinn á Torfnesi. Næsta skref er að sauma saman grasmotturnar og setja niður merkingar en vegna veðurs var ekki hægt að líma motturnar. Gervigrasið kemur frá Þýskalandi. Búið er að samþykkja tilboð í gervigras a aðalvöllinn og

byrjað verður næstu daga á því að grafa fyrir lögnum. Unnið er því að fletta grasinu af vellinum og 30 cm af jarðvegi. Síðan verður sett frostfrítt undirlag og ofan á það gúmmipúði. Væntanlega verður ekki hægt að gera það fyrr en í vor en markmiðið er að klára jarðvinnuna áður. Stefnt er að því að báðir gervigrasvellirnir verði tilbúnir áður en leiktíð hefst í Bestu deild karla vorið 2024.

7. Fjármál. Gjaldkeri gerði grein stuttlega grein fyrir skiptingu lottótekna á árinu og sagði frá því að getraunaleikur Vestra væri farinn af stað. Rætt um fjárhagsstöðu deilda sem heilt yfir virðist ásættanleg. Nokkrar vangaveltur um þátttöku meistaraflokks karla í efstu deild fótboltans á næstu leiktíð, hvað það muni kosta og hvernig fjármagnað.

8. Önnur mál.

- Meistaraflokkur karla í knattspyrnu náði þeim glæsilega árangri að tryggja sér sæti í Bestu deildinni eftir 1-0 sigur á Aftureldingu í framlengdum úrslitaleik á Laugardalsvelli 30. september síðastliðinn. Þetta verður í fyrsta sinn frá árinu 1983 sem Vestfirðingar eiga lið í efstu deild fótboltans.
- Heiðrún Tryggvadóttir sagðist fagna nýjum umgengisreglum um íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar en þær fela í sér þá nýbreytni að iðkendum nú er heimilt að æfa án þjálfara í íþróttasalnum á Torfnesi sé hann laus. Skal þá iðkandi vera að lágmarki byrjaður í 8. bekk í grunnskóla og skráður hjá íþróttafélagi í Ísafjarðarbæ. Þeir iðkendur sem vilja nýta sér þennan möguleika þurfa að skrifa undir umgengissamning og fá forráðamann og þjálfara/forráðamann íþróttafélags til að kvitta uppá fyrir sig. Voru fundarmenn sammála um að þetta væri mikið framfaraskref sem nýttist iðkendum til að efla getu og kunnáttu jafnframt því sem þess breyting stuðlar að betri nýtingu íþróttahússins. Heiðrún sagði jafnframt frá því að barna- og unglingaráð hefði fest kaup á tveimur skotvélum, verður önnur þeirra staðsett í íþróttahúsinu á Torfnesi en hin í íþróttahúsinu í Bolungarvík.
- Hlynur nefndi þrif á neðri hæð Vallarhússins sem alltaf er ábótavant og virðist erfitt að koma skikki á það mál.
- Notkun á merki Vestra. Alltaf eitthvað um að deildir sendi inn beiðnir um notkun á merki félagsins og eru þær oftast samþykkar á meðan notkunin samræmist reglugerð.
- Formaður sagði frá pósti sem hefði borist varðandi ráðstefnuna *Vinnum gullið – ný stefna í afreksíþróttum á Íslandi* sem haldin verður mánudaginn 20. nóvember kl. 9-16 í Gullteig á Grand Hótel Reykjavík og í streymi. Á ráðstefnunni verða kynnt áform um eflingu afreksíþróttastarfs á Íslandi með bættri aðstöðu, stuðningi og réttindum fyrir afreksíþróttafólk. Mennta- og barnamálaráðuneytið, í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga, boðar til ráðstefnunnar sem er öllum opin og ókeypis. Skráningarfrestur er til 16. nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45